

Fundargerð foreldrafélags Hofstaðaskóla, 20. nóvember 2019.  
kl. 20.00 á kaffihúsinu Súfistinn í Hafnarfirði

**Mætt voru:** Íris Dögg Guðjónsdóttir, Björn Kristjánsson, Heiða Birna Guðlaugsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Kamilla Rut Sigurðardóttir sem ritaði.

**Fundardagsskrá:**

Sigríður Sigurjónsdóttir formaður setti fundinn.

1. Fórum yfir atriði sem rædd voru á síðasta fundi skólaráðs í Hofstaðaskóla, þar sem Heiða og Kamilla mættu.  
Stæði skólans rædd og merkingar á stæðum innan við hringtorgið við skólann, þar mætti vera merking þar sem „bifreiðastöður eru bannaðar á opnunartíma skólans“. Sírý og Íris munu taka fram á næsta fundi Grunnstoða að taka þurfi á öðrum bílastæðum og aðstöðu fyrir rútur, hingað til hafa þær teppt umferð á óhentugum tímum dags eða þegar skóli byrjar á morgnana.
2. Ákveðið að halda jólaföndrið laugardaginn 7. des. frá kl. 11.00 til 14.00 og hefur verið staðfest hjá Hafdísí. Umsjónamenn verða aðilar foreldrafélags og bekkjarfulltrúar og mæta þeir sem geta kl. 9.00 til að undirbúa og sjá til þess að allt sé til staðar. Skjal verður sent til bekkjarfulltrúa þar sem þeir geta skráð sig í verkefni þennan dag. Sírý er með það skjal. Eldhússtarfsfólk verður látið vita af notkun eldhússins meðan föndrið stendur yfir.  
Fórum yfir lista sem Sírý er með og ætlar að setja á facebook síðu félagsins. Heiða sér um jólalagaplaylista á spotify og finna föndurpakka í Panduro og annarsstaðar en þar sem föndrið er keypt þá viljum hafa velyrði fyrir því að hægt sé að skila. Hafa mögulega fjóra möguleika, 2 litlir pakkar og 2 stærri. Ætlum að fjárfesta í tveimur límbyssum. Athugar einnig með glassúr í Costco. Bjössi og Íris ætla að sjá um auglýsinguna og senda á skólann. Kamilla býr til viðburð á facebook í samráði við Bjössa. Athuga með innkaupalista. Ákveðið að hafa ekkert konfekt þetta árið..

Fundi slitið kl. 21.00.

F.h. stjórnar,  
Kamilla Rut Sigurðardóttir